

Þröstur Ásmundsson, fyrrverandi kennari.

Þröstur vinnur að sjálfstæðum verkefnum í heimspeki og sagnfræði.

Þröstur er með M.A. próf í sagnfræði og heimspeki frá háskólanum í Freiburg í Þýskalandi. Eftir það var hann kennari í tvö ár við Gagnfræðaskóla Akureyrar og því næst í 38 ár við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Þröstur hefur unnið að þýðingum á heimspekiverkum á íslensku, s.s. eftir Schiller og Nietzsche, og ennfremur að þýðingum á kennslubókum í heimspeki á íslensku (s.s. *Veröld Soffiu* eftir Jostein Garder og *Heimspeki* eftir Martin Levander).

Þröstur var í átta ár formaður menningarmálanefndar Akureyrar og vann m.a. að tilurð Listagilsins og fleiri framfaramálum.

Einnig hefur hann unnið að gerð margra útvarpsþátta um menningarmál, þar á meðal þáttaröð um *Skáld á Akureyri*.